

Mánudaginn 10. septembermán.

Nr. 9/1888.

Kaupfjelag Þingeyinga
gegn
hreppsnefnd Húsavíkurhrepps.

Dómur:

Í máli þessu áfrýjar kaupfjelag Þingeyinga lögtaki. er hreppsnefnd Húsavíkurhrepps ljét framkvæma 31. janúar þ. á. í eigum fjelagsins til lúkningar sveitarútsvari fyrir árið 18⁸⁶/₈₇, er fjelagið álitur sjer eigi skylt að greiða, og krefst áfrýandinn:

1. að hin áfrýjaða lögtaksgjörð verði felld úr gildi,
2. að fjelaginu verði skilað aptur af hreppsnefndinni hinum lögteknu vörum óskemmdum, eða hún svari verði þeirra með kr. 206,56,
3. að fjelaginu verði dæmdur málskostnaður fyrir báðum rjettum með 170 kr., eða eptir rjettarins mati,
4. að fjelaginu verði dæmdar bætur fyrir gjaldtrausts-spilling.

Hinn skipaði málsfærslumaður hreppsnefndarinnar mótmælir umboði mótpartsins, af því það vanti sönnun fyrir, að þeir 16 menn, er hafa undirskrifað það, sje fulltrúar fjelagsins eða hafi nokkra heimild til að skjóta málinu til yfirdómsins, eða að gefa nokkrum manni umboð til að reka það þar, og krefst því, að málinu verði frávísað.

Þegar nú umboð það, er hjer ræðir um, er borið saman við umboðsskjal. sem innfært er í fógetarjettargjörðirnar, tölul. 2, með hinum sömu mannanöfnum undirrituðum, og eptir því, sem að öðru leyti er fram

komið, verður rjetturinn að álita umboð áfrýjanda fullgilt.

Í aðalefninu krefst hreppsnefndin:

1. að úrskurður fúgetans í þessu máli verði staðfestur, og nefndin dæmd sýkn af öllum kærum og kröfum kaupfélags Þingeyinga,
2. að fjelagið verði dæmt til að greiða allan kostnað, sem málið hefur í för með sjer, eins og það væri eigi gjafsóknarmál, þar á meðal hæfileg málflutningslaun til hins skipaða verjanda.

Úrskurður fúgetans hljóðar þannig: „Hin umbeðna lögtaksgjörð á fram að fara“. Og er úrskurðurinn byggður á því, að fúgetarjetturinn kveðst eigi af skjölum þeim, er lögtaksbeiðandi hafi lagt fram, og sjer í lagi lögum kaupfélags Þingeyinga frá 1882 (undirrjettarskj. 4) fá betur sjöð, en að heimfæra verði starfsemi fjelagsins undir verzlun í víðari skilningi. og í 2. gr. sje það með berum orðum ákveðið, að heimili fjelagsins skuli vera að Húsavík, og þó málsfærslumaður *requisiti* hafi farið því fram, að lögin frá 1882 hafi verið endurskoduð og þeim í mörgu breytt. meðal annars hinni 2. gr., þá sje eigi með því sýnt eða sannað, að breyting hafi verið gjörð í þessu tililiti. Eptir því sem þannig sje sagt, álitur fúgetarjetturinn, að telja verði kaupfélag Þingeyinga fasta verzlun, er búsett sje á Húsavík, og að það sem slíkt hljóti að heimfærast undir ákvæði 10. greinar í fátækraeglugjörð 8. jan. 1834 um skyldu verzlunarmanna í hreppnum til að greiða fátækraútsvar.

Málsfærslumaður hreppsnefndarinnar fyrir landsyfirdóminum leggur líka mikla áherzlu á lög kaupfélagsins frá 1882, þar sem þau mæli svo fyrir: „Full-

trúaráðið kýs 3 menn úr sínum flokki til að hafa á hendi aðalstjórn fjelagsins og allar framkvæmdir í þess þarfir; einn þessara manna skal vera kaupstjóri fjelagsins. Kaupstjóri hefur í vörzlum sínum og ábyrgð allt það, er fjelagið á eða kann að eignast í húsum, hirzlum, áhöldum o. s. frv. Hann gjörir alla kaupsamninga fyrir fjelagsins hönd og annast um allar vörupantanir með ráði meðnefndarmanna sinna. Hann tekur á móti allri pantaðri vöru og sömuleiðis öllum borgunareyri“, o. s. frv.

Eptir þessum skyldum kaupstjórans var eðlilegt, að hann væri búsettur í Húsavík, þar sem fjelagið hafði svo kallað vöruskiptahús og áhöld til að mæla og vega vörurnar inn og út, og að talið væri, að fjelagið hefði þar heimili á hinum sama stað.

En þess er að gæta, að frumlög fjelagsins frá 1882 fjellu úr gildi við það, að ný lög voru samþykkt fyrir fjelagið 10. febr. 1883; þau eru lögð fram í yfirdóminum og sjest af þeim, að kaupstjórastadan er af numin, 3 manna nefndin hefur að eins yfirumsjón á framkvæmdum fjelagsins og semur við einhvern verzlunarmann um pöntun á vörum fyrir fjelagsmenn m. m. Er hann kallaður kaupræðismaður; hann fær borgun fyrir starf sitt, semur reikninga og gjörir full skil gjörða sinna. Jafnframt er sú breyting gjörð á 2. grein, að Húsavík er eigi talin heimili, heldur að eins uppskipunarstöð fjelagsins; hvert hlutahrjef veitir eiganda rjett til 200 kr. vörupöntunar.

Af þessu verður nú eigi annað sjð, en að kaupfjlag Þingeyinga sje vörupöntunarfjlag, þannig að hinn svonefndi kaupræðismaður þess kaupir hinar pöntuðu vörur erlendis og lætur flytja þær hingað til

lands, fjelagið sendir aptur bús-afurðir fjelagsmanna og lætur selja þær utanlands.

Það er eigi að sjá af lögum fjelagsins, að ætlazt sje til, að nein kaup eða sala fari fram á uppskipunarstaðnum. Það er eigi heldur komin fram nein átylla fyrir því, að fjelagið hafi selt mönnum utanfjelags neitt af vörum þeim, er því voru sendar eða færðar frá útlöndum. Að vísu er fram lagt vottorð prestsins á Húsavík um, að formaður fjelagsins hafi selt honum 2 poka með mjöli, en því er mótmælt, að mjölið hafi tilheyrt fjelaginu; enda virðast engin líkindi til, að fjelagið hafi pantað eina 2 poka af mjöli til að selja þá. Enn fremur hefur það verið tekið fram, að Jakob borgari Hálfðanarson á Húsavík, er hefur undanfarin 5 ár staðið fyrir móttöku allra vörusendinga til fjelagsins þangað á staðinn frá útlöndum og afhendingu þeirra til fjelagsmanna (undir-rjettarskj. 7 og 8), hafi á Akureyri beinlínis selt ýmsar vörur, er fjelaginu voru sendar haustið 1884, af því hann hafi eigi getað fengið þær uppskipaðar á Húsavík, en eins og málsfærslumaður fjelagsins hefur tekið fram var það neyðarsala, til að verja vörurnar skemmdum og firra fjelagsmenn, er vörurnar höfðu pantað, þar af leiðandi tjóni, og getur því eigi álitizt verzlun í eiginlegum skilningi. Loksins er það upplýst, að sumarið 1886 komu með 2 skipaferðum til Húsavíkur frá kaupræðismönnum fjelagsins erlendis dálitlir vöruslattar, auk þess er fjelagið hafði pantað. Þessa vöruslatta gátu eigendur þeirra selt hverjum sem vildi, og hefur borgari J. Hálfðanarson í vottorði, er hann hefur gefið eptir áskorun mótpartsins, skýrt frá að hann hafi átt kost á, að

fá fyrra slattann, en það hafi ráðizt svo á fundi á Einarssstöðum í Reykjadal, að fjelagið fjekk hann til umráða, og hið sama hafi átt sjer stað með hinn vöruslattann, sem kaupræðismaður fjelagsins, A. Zöllner, kom með, án þess hann hefði ákvarðað, hver þær vörur skyldi fá (undirjettarskj. 10). Þessu viðvikjandi tók umboðsmaður fjelagsins það fram fyrir fótgetarjettinum, að af tjeðum vöruslöttum hefði hver fjelagsmaður pantað eptir á eptir vild sinni, en ekkert af þeim verið selt neinum manni utanfjelags, og hafi nokkur rekið verzlun með þær vörur á Húsavík, þá sje það A. Zöllner og enginn annar. Þar eð kaupfjelagið keypti þessar vörur handa fjelagsmönnum, en eigi til að selja þær öðrum, verður eigi sagt, að það hafi gjört þessi kaup til að verzla með vörurnar.

Þó nú starfsemi fjelagsins sje verzlun í víðari skilningi, eins og þegar sagt er um bændur, að þeir fari í kaupstað til að verzla, virðist ekki vera ástæða til að álíta, að kaupfjelagið reki sjerstaka atvinnu, og telja það á meðal hinna svonefndu föstu verzlana, og virðist því fjelaginu eigi bera skylda til að greiða sveitarútsvar, án þess að það í þessu máli komi til álíta, hvort fjelagið eigi heimilifang á Húsavík. Það verður því að fella hina áfrýjuðu lögtaksgjörð úr gildi. Eptir þessum úrslitum málsins verður líka eptir kröfu fjelagsins að skylda hreppsnefndina til að skila aptur hinum lögteknu vörum óskemmdum, en þær eru „100 pd. kaffi og 16 kassar franskt kaffi malað 100 pd.“, eða að svara verði þeirra með kr. 206,56, með því þeirri upphæð hefur eigi sjerstaklega verið mót-mælt. Sömu leiðis ber nefndinni að greiða fjelaginu málskostnað, er samkvæmt lögum 16. desbr. 1885

13. gr. og eptir atvikum er ákveðinn 120 kr. Á hinn bóginn virðist eigi næg ástæða til að dæma fjelaginu bætur fyrir gjaldtrausts-spilling.

Hin skipaða málsfærsla er forsvaranleg.

Málflutningslaun hins skipaða verjanda virðist hæfilega metin 30 kr., er greiðist úr landsjóði.

Því dæmist rjett að vera:

Hin áfrýjaða lögtaksgjörð á að vera ógild.

Hreppsnefnd Húsavíkurhrepps á að skila aptur til kaupfjelags Þingeyinga hinum lögteknu vörum, 100 pd. kaffi og 16 kössum af frönsku kaffi, ella svara verði þeirra, kr. 206,56, sömuleiðis ber nefndinni að greiða fjelaginu í málskostnað 120 kr. Að öðru leyti á hreppsnefndin að vera sýkn af kröfum kaupfjelagsins.

Hinum skipaða málsfærslumanni hreppsnefndarinnar, yfirkennara H. Kr. Friðrikssyni, bera 30 kr. í málflutningslaun, er greiðast úr landsjóði.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 31/1888.

Hið opinbera
gegn
Gesti Pálssyni.

Dómur:

Með dómi lögreglurjettar Reykjavíkurkaupstaðar, kveðnum upp 10. júlí þ. á., var kandiðat Gestur Pálss-